

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



Reykjavík 26. janúar 2016
UST201601-179/B.S.
10.05.00

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - málmar á Reykjanesskaga. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Iceland Resources um leyfi til leitar og rannsókna á málmum á Reykjanesskaga.


Fram kemur í umsókninni að ráðgert er að á fyrstu tveimur árum verði lögð áhersla á kortlagningu og sýnatöku. Ferðamáti til þessara rannsókna verður á eftirfarandi hátt: „*Rannsóknarteymið mun ferðast fótgangandi, ekki er ráðgert að nota vélknúin ökutæki við þessa vinnu nema þar sem við á verður þá notast við fjórhjól/sexhjól eða þyrlu.*“


Á síðari stigum verður ráðist í kjarnaborun í samræmi við niðurstöður úr sýnatöku.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaðar rannsóknir falla í tvo vel afmarkaða áfanga þar sem fyrri áfangi felur í sér rannsóknir án þess að landi verði raskað og síðari hluti rannsóknarinnar felur m.a. í sér kjarnaborun með tækjum sem geta haft rask í för með sér. Því telur stofnunin að skipta ætti rannsóknarleyfi í tvennt þar sem gefið væri út sérstakt leyfi fyrir kjarnaborun og öðrum framhaldsrannsóknum þegar frekari upplýsingar um staðsetningu kjarnahola liggur fyrir og ljóst væri hvort þær ætti að framkvæmda á svæðum sem þykja sérstaklega viðkvæm.

Vakin er athygli á 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segir m.a.: „*Í þeim tilvikum sem heimild er til aksturs utan vega er ökumanni skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum. Þeim sem nýta slíka heimild, öðrum en bændum, er skylt að halda skrá um akstur sinn utan vega og veita Umhverfisstofnun aðgang að þeirri skrá þegar óskað er.*“

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri